


Hvernig finn ég lykilorðið mitt?

Lykilorðið fyrir Libby appið og rafbokasafnid.is er það sama og fyrir leitir.is. Ef þú manst ekki lykilorðið eða vilt búa til nýtt geturðu gert það á leitir.is eða fengið aðstoð hjá starfsfólki bókasafnsins.


Fyrsta innskráning í Libby

Þegar þú opnar Libby í fyrsta sinn þarfdu að fara í gegnum innskráningarferli. Þú byrjar á að velja **Já** við spurningunni um hvort þú eigrir bókasafnsskírteini. Á næstu valmynd velurðu **Search for a library** og leitar að **Rafbókasafnið**.



Næst smellirðu á **sign in with my card** og velur **pitt bókasafn** úr fellilista.

Til að klára skráninguna þarfdu að skrifa strikamerkisnúmerið á bókasafnsskírteininu þínu og lykilorð.



Meira um Libby

Þegar þú sækir Libby er enska sjálfvalið tungumál en þú getur breytt því í stillingum. Aðrir möguleikar eru m.a.:

- Síur til að finna eingöngu rafbækur eða hljóðbækur, bækur sem eru lausar til útláns, efni fyrir börn eða fullorðna eða efnisflokk, s.s. sakamál og sígildar bókmenntir.
- Að breyta lestrarhraða á hljóðbókum og velja svefnstillingu.
- Að breyta letri, leturstærð, línubili og bakgrunni. Prófaðu þig áfram til að finna hvað hentar þér best.

Rafbókasafnið

Engar sektir
Bara njóta

Hljóðbækur
Rafbækur
Tímarit

Hvað er Rafbókasafnið?

Rafbókasafnið hefur þann tilgang að bjóða lánþegum almenningsbókasafna aðgang að fjölbreyttu úrvali hljóðbóka, rafbóka og tímarita.

Ef þú átt gilt **bókasafnsskírteini** hjá einu af almenningsbókasöfnunum hefur þú aðgang að Rafbókasafninu.

- Þú getur valið hvort lánstíminn á rafbók eða hljóðbók er 7, 14 eða 21 dagur.
- Gögnin skilast sjálfkrafa að lánstíma liðnum og því er engin hætta á dagsektum. Við hvetjum þig þó til að **skila bókum um leið og þú klárar** svo næsti lánþegi geti notið.
- Þú getur haft 21 bók að láni og verið með 21 frátekt í einu.
- Þú getur endurnýjað lánið ef enginn er á biðlista eftir bókinni.



Hvernig fæ ég aðgang að Rafbókasafninu?

Símar og spjaldtölver:

Einfaldast er að nota Rafbókasafnið í síma eða spjaldtölву með Libby appinu sem þú getur nálgast í **App Store** eða **Google Play**.



Lesbretti:

Rafbókasafnið er ekki hægt að nota á Kindle og Storytel lesbrettum.

Til þess að hlaða niður bók á öðrum lesbrettum þarf að stofna Adobe ID-aðgang og sækja og setja upp Adobe Digital Editions forritið á tölvu.

Bókinni er svo hlaðið niður í tölvuna, hún opnuð í Adobe Digital Editions og færð þaðan yfir á lesbrettið.

Tölvur:

Hægt er að hlusta á og lesa bækur og tímarit í gegnum rafbokasafnid.is eða sækja Libby appið á libbyapp.com

Ef þú vilt hlaða niður bókum í tölvuna þarf að setja upp Adobe Digital Editions forritið.

Innskráning

Til þess að skrá þig inn í Libby appið eða rafbokasafnid.is þarf tu **strikamerkisnúmerið** á bókasafns-skírteininu þínu og **lykilord** (sama og fyrir leitir.is).

Hvernig finn ég strikamerkisnúmerið?

Strikamerkisnúmerið er framan á bókasafnsskírteininu þínu (og byrjar oftast á **ge**).

Ef þú ert með stafrænt bókasafns-skírteini geturðu skoðað númerið í símanum. Þú getur einnig fundið það á þínum síðum á leitir.is eða haft samband við starfsfólk bókasafnsins.